



Skýrsla tækninefndar í hópfimleikum (THF) 2024-2025 (Þórdís)

Í tækninefnd í hópfimleikum fyrir starfsárið sátu eftirfarandi einstaklingar:

Erika Dorielle Sigurðardóttir

Halla Steingrímsdóttir

Kristinn Már Hjaltason

Una Brá Jónsdóttir, varaformaður

Viktor Elí Sturluson

Þórdís Þöll Þráinsdóttir, formaður

Tækninefnd sinni fjölmörgum verkefnum á liðnu ári. Þétt mótaskrá var á árinu og margir iðkendur skráðir á mót. Mikið þúsluspil var að setja upp dagskrá móta vegna mikillar þátttöku. Meðal verkefna var einnig undanþágubeiðnir, og skipulag á úrtökum á þreföldum heljarstökkum. Mönnun á dómurum á mótum var áfram flókið skipulag og áttu félög í erfiðleikum með að skila inn öllum gildum. Áður en tímabilið hófst uppfærði tækninefnd keppnisreglurnar út frá ábendingum sem höfðu borist eftir síðasta mótatímabil.

Samantekt á verkefnaálagi (Þórdís)

Í upphafi tímabils var farið yfir núverandi keppnisreglur og þær lagfærðar lítillega út frá ábendingum sem höfðu borist á síðasta tímabili. Aðallega var um orðalag að ræða og verið að gera ákveðna hluti skýrari í reglunum. Tækninefnd lagði til að breytingar yrðu gerðar á dómgæslu í 5 flokki og að það yrði dæmt C og D einkun en því var hafnað af Fimleikasambandinu.

Gerðar voru nokkrar breytingar á stökkfimoreglunum. Áður var aðeins keppt í stökkfimi yngri og eldri og keppt í kynja- og mix liðum. Vegna aukins fjölda í greininni var ákveðið að taka upp keppni í flokkum sbr. hópfimleika, með þeirri undantekningu að 1 flokkur og meistaraflokkur væri einn og sami flokkurinn. 4 og 3 flokkur keppa eftir stökkfimi yngri fyrirkomulagi en 2 og 1/mfl keppa eftir stökkfimi eldri. Að auki voru teknir út kynjaflokkar og er því frjálst hvernig liðin eru samsett.

Keppnisárið 2024-2025 var nokkuð annasamt hjá Tækninefnd í hópfimleikum. Fjöldi móta er orðinn mikill og helgarnar undir margar. Verkefni í kringum mót snúast aðallega að mönnun dómara á hverju móti en í vetur hefur gengið ágætlega að manna mótin en það endar þó alltaf á nefndinni að full manna mótið þar sem félögunum tekst ekki að uppfylla öll þau gildi sem þau bera ábyrgð á. Fimleikasambandið hefur brugðist við með því að sektað þau félög sem ekki uppfylla sín dómargildi.

Nokkuð var um undanþágubeiðnir frá reglum sem voru t.d. beiðnir um að iðkendur fengu að “keppa” aftast í umferðum án þess að vera dæmdir t.d. vegna þess að iðkandi var of gamall eða ekki í þeim kynjaflokki sem keppt var í.

Innlend mót 2024-2025

Íslandsmót 2024



Tímabilinu 2023-2024 endaði með Íslandsmóti sem haldið var Gróttu. Meistaraflokkur keppti á föstudegi og var það sýnt á Rúv. Íslandsmeistarar 2024 í kvennaflokki var Stjarnan. 1.flokkur kvenna og blandað liðs keppti á sama tíma og urðu þar Íslandsmeistarar í kvennaflokki Selfoss og í Blönduðum flokki Stjarnan. Mótið fór vel fram og var einnig vel sótt af yngri flokkum. Mikil ánægja var með uppsetningu og helgina í heild sinni.

Keppnistímabilið 2024-2025

Örlítill breyting var á uppsetningu móta í meistaraflokki þetta árið. Meistaraflokkar kepptu á þremur Mótaráðum og Bikar- og Íslandsmóti. Styttri tími var á milli Bikar- og Íslandsmóts (3 vikur). Mótaráðir voru haldnar í nóvember, febrúar og í lok maí. Ekki hefur komist niðurstaða á hvort ný uppsetning henti íslensku umhverfi vel eða ekki. THF mun taka saman ábendingar í lok keppnisárs. Yngri flokkar kepptu með svipaða uppsetningu og árið áður. Yngri flokkum var boðið uppá 3 mót í keppnislendingu og 2 mót í semi-lendingu. Yngri flokkum var raðað upp í deildir á Haustmóti og keppti í þeim deildum út árið. Breytingar voru gerðar í stökkfimi yngri flokka þar sem hver flokkur keppir þar fyrir sig en ekki saman í flokkunum yngri og eldri eins og árið áður. Virtist vera almenn ánægja með þessa breytingu og sanngjarnari keppni.

Fyrsta mót vetrarins var GK-mót eldri flokka og Mótaráð 2 sem haldið var í Stjörnunni. Mótið gekk vel fyrir sig og gaman að fylgjast með árangri liðanna. Mótaráð og GK-mót eldri voru sömu helgi en skráðu 49 lið sig til keppni á GK-móti. Helgin var löng og skemmtileg og var vel mætt á alla hluta. Mótið gekk samkvæmt plani og skein gleði af iðkendum.

Bikarmót var haldið eins og árið áður í Fjölni á sama tíma og áhalda. Var þar um mikla og skemmtilega Bikarmótshelgi að ræða. Gaman að var að sjá góða mætingu alla helgina. Rúv sýndi þar hluta Meistaraflokks þar sem 5 liði kepptu og var þar þrjú kvenna lið og eitt blandað lið og eitt karlalið. Stjarnan varð Bikarmeistari í öllum flokkum. Frammistaða liða var góð þessa helgi og mikil ánægja með mótið. Dómgæsla gekk vel og voru öll sæti mönnum. Skráning dómara gekk hægt en með aðstoð THF fylltust öll sæti. THF sá einnig um að manna inn dómara á Meistaraflokks hlutann og var þá reynslu mestu dómarar á Íslandi boðið sæti.

Mótaráð 1 og 2 kom mjög vel út í keppnistímabili. Mótaráð 1 var notuð fyrir þá sem áttu ekki keppendur á Evrópumóti. Ellefu lið kepptu þar og átti Gerpla sigursætið á fyrsta mótinu. Fjölnir 1.flokkur hneppti annað sætið og var gaman að sjá hvernig 1.flokkur og meistaraflokkur var að keppa sýn á milli. Ekki öll lið kepptu í dansi sem er einnig leyfilegt á mótaráð og voru þau lið þá að keppa á stökkáhöldum.

Mótaráð 2 fór fram í Stjörnunni sömu helgi og GK-mót. Mótaráð 2 var í tveimur hlutum og voru 13 lið sem kepptu. Full stúka var á báðum hlutum og gaman að sjá allt fimleikaáhugafólk mæta að sjá okkar flotta fimleikafólk. Stjarnan mfl 1 hrapp fyrsta sætið og átti Stjarnan fyrstu þrjú sætin á því móti. Mótið sjálft gekk vel fyrir sig og hélt plani. Mikill fjöldi iðkenda hafði gaman af og mikilvæg byrjun á komandi keppnistímabili.



Þegar þessi skýrsla er skrifuð er Vormót og Mótaröð 3 ekki búíð svo að það kemur í næstu skýrslu.

Norðurlandamót unglunga 2024 – úrtaka og keppni

Norðurlandamót unglunga fór fram í Lund í Svíþjóð þann 20. apríl 2024.

Úrtaka fyrir Norðurlandamótið fór fram á Bikarmóti í lok febrúar 2024. Mótið var haldið í Fjölni, Egilshöll þar sem tvö stigahæstu lið í hverjum kynjaflokki unnu sér inn þátttökurétt á Norðurlandamótinu. Á Bikarmótinu voru skráð fjögur lið til keppnis í kvennaflokki, Fjölnir, Gerpla, Selfoss og Stjarnan. Lið Selfoss og Gerplu höfðu í efstu tveimur sætunum og unnu sér því þátttökurétt á Norðurlandamótinu. Í flokki blandaðra liða voru þrjú lið til keppnis, Afturelding, Gerpla og Stjarnan. Lið Stjörnunnar og Gerplu höfðu í fyrstu tveimur sætunum og unnu sér því einnig þátttökurétt á Norðurlandamótið. Ekkert lið var skráð í drengjaflokki og því sendi Ísland ekkert lið í þeim flokki á Norðurlandamótið.

Dómarar á Norðurlandamótinu voru Ágústa Dan Árnadóttir, Fanney Magnúsdóttir, Helga Svana Ólafsdóttir og Ragnar Magnús Þorsteinsson.

Lið Gerplu í kvennaflokki átti frábært mót. Liðið sýndi mikið öryggi í stökkum og sýndu glæsilegan dans. Liðið gerði sér lítið fyrir og hafnaði í öðru sæti samanlagt með 15.550 stig. Liðið lenti í öðru sæti á trampólíni, þriðja sæti á dýnu og fimmta sæti í dansi.

Kvennalið Selfoss átti ágætt mót. Liðið stefndi hátt og ætluðu sér á verðlaunapall en meiðsli í upphitun og smávægileg mistök á mótinu settu stórt strik í reikninginn. Liðið hafnaði í sjötta sæti með 46.200 stig.

Í fyrsta sæti í kvennaflokki varð sænska liðið ABGS með 49.900 stig. Í þriðja sæti varð lið Brommagymnasterna, einnig lið Svíþjóðar.

Blandað lið Stjörnunnar átti glæsilegt mót. Liðið sýndi mikla yfirburði á stökkahöldum og sýndu framúrskarandi gólfæfingar. Liðið hafnaði í fyrsta sæti með 49.050 stig og tæplega þremur stigum meira enn næsta lið á eftir. Lið Stjörnunnar urðu því Norðurlandameistarar í flokki blandaðra liða sem er glæsilegur árangur.

Lið Gerplu í blönduðum flokki átti fínt mót. Smávægileg mistök settu þó stórt strik í reikninginn og hafnaði liðið í áttunda sæti með 40.900 stig samanlagt.

Í öðru sæti samanlagt í blönduðum flokki hafnaði norska liðið Sandnes Turnforening með 46.250 stig eða 2.800 stigum á eftir liði Stjörnunnar. Í þriðja sæti var lið Halmstad Frigymnaster frá Svíþjóð með heildarstig 45.850.

Heilt yfir var niðurstaða íslensku liðanna frábær og var þetta árangursríkasti NMJ frá upphafi og var þetta í fyrsta sinn sem drengir á Íslandi vinna til verðlauna í unglunga flokki á stórmóti.

EM 2024 (Þórdís)

Evrópumótið í hóp fimleikum fór fram í Baku, Azerbaijan, í október 2024. Ísland sendi 5 lið til leiks, 2 fullorðinslið og 3 unglingalið.

Í fullorðinsflokki: Kvennalið og blandað lið.

Í unglingaflokki : Stúlknalið, blandað lið og drengjalið sem fór út sem partur af útbreiðsluverkefni FSÍ í uppbyggingu drengja í íþróttinni.



Yfirþjálfarar íslensku landsliðana voru Björn Björnsson og Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir. En þau hafa nú verið yfirþjálfarar landsliðana frá árinu 2018. Í undirbúningnum fyrir mótið voru þau búsett á Íslandi og voru þjálfurum innan handar allan tíman.

Ísland tryggði sér Evrópumeistaratitil í tveimur flokkum af fimm.

Kvennalið Íslands tryggði sér sigur með 53.850 stig undir stjórn Bjarkar Guðmundsdóttur,

Kristins Þórs Guðlaugssonar, Magnúsar Óla Sigurðssonar og Rakelar Másdóttur.

Blandað lið fullorðinna lenti í 5. sæti með 49.850 stig. Þjálfarar liðsins voru Adam Bæhrens Björgvinsson, Una Brá Jónsdóttir, Yrsa Ívarsdóttir og Þórey Ásgeirsdóttir.

Stúlknalið Íslands lenti í 3 sæti með 47.650 stig. Þjálfarar liðsins voru Eyrún Inga Sigurðardóttir, Mads Pind Lochmann Jensen og Tanja Birgisdóttir.

Blandað lið unglinga tryggði sér Evrópumeistaratitilinn í fyrsta sinn með 51.600 stig undir stjórn Michal Risský, Þorbjörns Jónssonar og Þórdísar Þallar Þráinsdóttur.

Drengjalið Íslands hafnaði í 4. sæti með 46.000 stig sem er besti árangur liðsins á EM hingað til. Þjálfarar liðsins voru Aníta Þorgerður Tryggvadóttir, Helgi Laxdal Aðalgeirsson og Inga Valdís Tómasdóttir.

Dómaramönnun (Þórdís)

Á árinu reyndist oft nokkuð erfitt að manna öll dómarasæti en reynt að halda dómaramámskeið fyrir tímabilið en ekki þótti nægilega góð þátttaka svo námskeiðið var fellt niður. Dómaragildi voru ekki fyllt af félögunum á neinu móti á tímabilinu. Það féll því á tækninefnd að sjá til þess að öll sæti væru mönnuð með tilheyrandi álagi.

Með nýjum reglum og undanþágum er mikilvægt að náist góð skráning á dómaramámskeið og að FSÍ auglýsi námskeiðið með góðum fyrirvara svo fólk geti tekið helgina frá.

Endurmenntun (Þórdís)

Árið 2023 var í fyrsta sinn haldin endurmenntun fyrir þjálfara á vegum FSÍ en þjálfarar þurfa að skila 12 klst í endurmenntun yfir þriggja ára tímabil. Fengnir voru sérfræðingar til þess að vera með námskeið fyrir þjálfara og þau tvinnuð inn í æfingaferli fyrir EM2024. Á þessu tímabili var ekki boðið upp á endurmenntun en stefnt er á frekari endurmenntun á komandi tímabili.

Þreföld heljarstökk (Þórdís)

Á tímabilinu bárust 21 beiðni um leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum. 19 voru veitt og 2 var hafnað. Úttektir fóru fram í aðstöðu félaganna og voru að mestu gerðar af úttektarteymi en einstaka af tækninefnd. Í lok síðasta tímabils var stofnaður úttektarhópur sem samanstendur af fjórum alþjóðlegum dómurum sem sjá að mestu



um úttektir. Umsóknum fjölgaði nokkuð mikið frá síðasta tímabili. En verkferlar í kringum umsóknarferlið voru skýrir og hafa þjálfarar virt tímasetningar umsókna.

Tilnefningar fyrir uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Fimleikasambandsins fór fram 27. nóvember þar sem árangri ársins 2024 var fagnað. Landsliðsfólk, þjálfarar og aðrir fimleikaunnendur áttu saman góða kvöldstund. Fimleikafólk ársins var heiðrað, nýr heiðursfélagi, Anna R. Möller, bættist í hópinn, Guðjón Guðmundsson fékk gullmerki sambandsins auk þess að önnur verðlaun voru veitt.

Samantekt

Tækninefnd náði að vinna vel saman á liðnu ári og mörg mál sem komu upp. Mikil samheildni, opin samskipti og fagleg vinnubrögð einkenndu árið. THF vinnur mikilvægt starf og er alltaf að reyna að sjá allar hliðar á öllum málum. Mörg mál koma upp þar sem THF leggur mikla áherslu á að leggja línu sem hægt er að nýta til frambúðar.

Breytingar voru gerðar og tilkynndar í byrjun keppnisárs eftir ábendingar frá vorönn 2024. Í gegnum tímabilið 2024-2025 hefur tækninefnd verið að skrifa hjá sér mikilvægar úrbætur á reglum og verðlaunum. Vinna hefst í maí 2025 við gerð á nýjum íslenskum reglum í takt við ný útgefnar reglur COP. Minna álag var á umsókn við undanþágur og stefnir THF á að setja fram skýrari reglur fyrir komandi tímabil með gefinni reynslu á allskyns málum.

Einhverjar breytingar voru á mótaskipulagi og reyndi THF að bregðast við eins hratt og hún gat. Skipulag á mótum gekk vel og eru mót nú ítrekarð að byrja á fimmtudegi eða föstudegi til að koma öllu fyrir. THF tekur þessari fjölgun fagnandi en vissulega aukið álag á félög við mótshald og lengri helgar fyrir dómara og þjálfara. Þetta mál verður tekið fyrir í maí og reynt að finna góða lausn á mótaskipulagi fyrir árið 2025-2026 til að dreifa þessu betur og minnka álag.

Mönnun dómara gekk betur en á síðasta keppnistímabili. Minni félög eiga enn oft erfitt með að manna sín gildi og mikilvægt að með nýjum reglum séu fleiri dómaranámskeið svo að það verði auðveldara að manna allar helgarnar. Hluti af vandamálinu núna er að of mikið af dómurum þurfa að sinna öðrum verkefnum eins og þjálfun á sama tíma. Yngri dómarar sem tóku prófið síðasta hafa verið dugleg að dæma og eru mjög mikilvæg í okkar starfi.

Nefnd hefur verið mótum til að setja saman nýjar reglur fyrir næsta keppnistímabil, þessi vinna hefst með fimleikabíngi 9.maí. Stefnir nefndin á að senda út nýjar reglur til félaganna í byrjun júní til að gefa öllum nægan undirbúningstíma. Mikið af nauðsynlegum breytingum verða gerða eftir uppsafnaða punkta síðustu tveggja ára og einnig verður tekið tillit til nýrra COP reglna.

Takk fyrir liðið keppnistímabil!
Tækninefnd í Hópfimleikum



**Fimleikasamband
Íslands**